

**Dagskrá 94. fundar Félagsstjórnar SLFÍ, haldinn  
15. febrúar, 2018 kl. 10.00 í félagsaðstöðu SLFÍ**

**Mættir til fundar:**

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari, Reykjavíkudeild  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri  
Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir, Vesturlandsdeild  
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri  
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri  
Helga Sveinsdóttir, Austfjarðadeild  
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild  
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild  
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild  
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn  
Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn

Birna Ólafsdóttir mætti undir dagskrárliðum 4 og 5

**Fjarverandi:**

Jóhanna G Þórðardóttir, Vestfjarðadeild  
Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Fundarritun:**

Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ

**Dagskrá**

1. **Fundur settur**
2. **Fundargerð síðasta fundar**
3. **Undirbúningur að 27. fulltrúaþingi SLFÍ**
  - a. Framboð til formanns
  - b. Innkomin erindi frá félagsdeildum
    - A. **Kjarasamningar**
      - a. Launaskriðstryggingin
      - b. Erindi á skrifstofu Kjara og mannauðssviðs Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins
      - c. Samstarfsnefnd sveitarfélaga - Bókanir
      - d. Ríkið
      - e. Vinna við bókun 8 með kjarasamningi
      - f. LSH
      - g. Breytingar á Austfjörðum.
      - h. Erindi baklands BSRB til ráðuneytisins um hvaða stéttir það eru sem þurfa að hafa lægri lífaldur við töku lífeyris.
      - i. Stytting vinnuvikunnar
3. **Staðan við breytingu á sérnámi frá HA**
  - a. Staðan vegna sérnáms frá HA
  - b. Staðan vegna Norðurlandamóts í sjúkraliðun
4. **EPN ráðstefna í Færeyjum júní 2018**
5. **Ráðstefna um öldrunarmál**

6. **Vesturlandsdeild**
  - a. Kennitöluumsókn
  - b. Kvörtun
  - c. Skýrsla KÁG og JJS
7. **Trúnaðarmannaráðsfundur og félagsstjórnarfundur í október 2018.**
8. **Næsti félagsstjórnarfundur**
9. **Starfsmannamál**
10. **Persónuvernd**

#### **Önnur mál**

- a. Helga Sveinsdóttir formaður Suðurlandsdeildar - vegna Eden stefnu.
- b. Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir formaður Norðurlandsdeildar eystri – málefni sjúkraliða á Hlíð.

#### **Dagskrá**

##### **1. Fundur settur**

Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður SLFÍ bauð fundarmenn velkomna, en góð mæting var þrátt fyrir að veður og færð hafi verið erfið að undanfögnu. Fjarverandi eru Jóhanna G. Þórðardóttir, formaður Vestfjarðadeildar og Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri.

##### **2. Fundargerð síðasta fundar**

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

##### **3. Undirbúningur að 27. fulltrúapingi SLFÍ**

Framboð til formanns

Farið var yfir undirbúning að næsta fulltrúapingi SLFÍ sem verður haldið 15. maí 2018. Kjörstjórn SLFÍ er búin að senda frá sér auglýsingu þar sem óskað er eftir framboðum til formanns Sjúkraliðafélags Íslands, Hulda Birna Frímannsdóttir er formaður nefndarinnar. Framboðsfrestur til formanns er til 1. mars 2018 og er gert ráð fyrir að kosning fari fram rafrænt 3. – 10. apríl 2018. Tvö framboð hafa borist, en framboðsfresti er ekki lokið.

KÁG sagði frá því að loknum framboðsfresti myndi félagið standa fyrir framboðsfundi/kynningu sem yrði send út á vefnum og tekin upp þar sem allir frambjóðendur myndu koma og kynna sig. Félagið á hins vegar eftir að taka ákvörðun um hve mikinn kostnað það leggur til vegna framboðs kynninga.

(Fylgiskjal 1. [Auglýsing frá Kjörstjórn](#) )

Inn komin erindi frá félagsdeildum

Farið var yfir kjörbréfin frá félagsdeildunum, en ekki voru allar deildar búnar að skila þeim inn til SLFÍ fyrir 1. febrúar eins og lög félagsins segja til um. Þeim kjörbréfum sem ekki höfðu borist var skilað á fundinum og gerðu nokkrir formenn athugasemd við að geta ekki sent þessar upplýsingar rafrænt frekar en með pósti þannig að það berist til félagsins fyrir 1. febrúar og komi svo með frumritin undirrituð á 1. fund ársins hjá félagsstjórn. Ákveðið að skoða málið.

Ekki voru allar ársskýrslur komnar frá félagsdeildum en þær sem ekki voru komnar eru í vinnslu.

Farið var yfir reikninga félagsdeilda og fjárhagsáætlanir deilda afgreiddar í framhaldinu. Eftirfarandi fyrir næsta starfsár.

Austurlandsdeild sótti um 360.000.- sem var samþykkt.  
Norðurlandsdeild vestri sótti um 163.500.- sem var samþykkt.  
Reykjavíkurborg sótti um 450.000.- sem var samþykkt.  
Suðurlandsdeild sótti um 285.000.- sem var samþykkt.  
Suðurnesjudeild sótti um 348.500.- sem var samþykkt.  
Vestfirjadesild sótti um 305.000.- sem var samþykkt.  
Vestmannaeyjadesild sótti um 230.000.- sem var samþykkt.  
Vesturlandsdeild sótti um 580.000.- en fékk 150.000.- var samþykkt með ákveðnum breytingum vegna mikils afgangar frá fyrra ári.  
Norðurlandsdeild eystri sótti um 465.000 en fékk samþykkt 450.000.  
Farið var yfir reikninga félagsdeilda, en ekki voru allir reikningar búnir að berast fyrir 1. febrúar en komu á fundinn.  
Tillögur að lagabreytingum. Lagt er til að setja Orlofssjóð SLFÍ inn í lög félagsins undir kaflann “Sjóðir félagsins” þar sem sjóðsins er aðeins getið í reglum fyrir sjóðinn en ekki í lögum.

#### Kjarasamningar

##### a. Launaskriðstrygging.

KÁG fór yfir forsoguna um launaskriðstrygginguna, tillögur og útreikninga. Farið var yfir að hagfræðingur BSRB hefði gert grein fyrir að búið væri að reikna út hina svokölluðu launaskriðstryggingu þ.s. leiðréttá á launaskrið á almennum markaði gagnvart opinberum starfsmönnum í takt við ákvarðanir við gerð síðasta kjarasamnings. Niðurstaðan fyrir árin 2013 – 2016 er að engin munur er á launaþróun á almenna markaðnum og starfsmanna sveitarfélaganna, en meðaltals munurinn hjá þeim sem starfa hjá ríkinu er 1,3%, sem koma þarf til félaganna innan BSRB. Ljóst er að launaþróun er misjöfn eftir félögum innan BSRB.

Fulltrúar SLFÍ fengu afrit af útreikningum eftir mikla eftirgangsmuni. SLFÍ óskaði eftir því við Gunnar Gunnarsson hagfræðing að hann reiknaði út hver munurinn væri á launaþróun meðal BSRB félaga samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir lágu og samtali við Hagstofu Íslands.

KÁG upplýsti að lögð var fram tillaga á stjórnarfundum BSRB um að 1,3% færi jafnt á öll BSRB félögin hjá ríkinu. KÁG hafnaði tillögu stjórnar BSRB þar sem í ljós var komið að verulegur munur var á launaþróun félaga innan BSRB og lagði til að greitt yrði samkvæmt útreikningum Gunnars Gunnarssonar hagfræðings. Það hefði þýtt 2,2% fyrir Sjúkraliðafélag Íslands en ekki 1,3%.

KÁG fór yfir drög að bréfi vegna vinnubragða kjarasviðs ríkisins við framkvæmd launaskriðsins og fékk samþykki stjórnar SLFÍ að senda það til Gunnars Björnssonar formanns samninganefnda ríkisins með afriti til forsætis- og fjármálaráðuneytis og á forsætis- og fjármálaráðherra. KÁG ræddi einnig hvort ræða eigi við lögfræðing félagsins hvort fara eigi með málið fyrir félagsdóm.

Þar sem félaginu varð ekkert ágengt með að meðaltalið færi mismunandi á félögin mun 1,3% fara á launatöflu allra stéttarféлага innan BSRB afturvirktt frá 1. janúar 2017, vegna þeirra starfsmanna sem starfa hjá ríkinu og greiðast út um mánaðamótin febrúar/mars.

##### b. Samstarfsnefnd sveitarféлага - Bókanir

KÁG fór yfir bókanir úr kjarasamningum SLFÍ, búið er að funda með samstarfsnefnd sveitarfélaganna vegna þess dráttar sem orðið hefur á að uppfylla þær. Byrjað er að vinna í bókun þar sem fram kemur að gerð verði samskonar könnun og gerð var hjá ríkinu, þar sem veikindi, sjúkraliðaskortur og vinnufyrirkomulag sjúkraliða var kortlögð.

Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur lagt af stað með tilraunaverkefni í styttingu vinnuvikunnar á Egilsstöðum. KÁG fór fram á það við formann Austurlandsdeildar að fylgjast með þessu og reyna að koma á samstarfi um þetta við SLFÍ.

#### Ríkið

- Fram kom að enn hefur ekkert gerst varðandi bókun 8 hjá ríkinu þrátt fyrir ítrekaðar kröfur félagsins þar um.
- Á LSH er verið að vinna að breytingum á starfslýsingum. Tillaga er um að vera með eina grunnstarfslýsingu og síðan hakað í færniviðmið og starfsviðmið. LSH er nú að safna upplýsingum um sjúkraliða frá deildarstjórum um hvar þeir raðast inn í starfslýsingar/starfaflokkana. SLFÍ fundaði með LSH vegna þessa og hefur komið fram að eitthvað hefur verið um að sjúkraliðar á LSH eru að hækka í starfslýsingu F. LSH mun ekki skila af sér til SLFÍ fyrr en þeir eru búnir að fá allar upplýsingar, fyrr verður ekki fundað um málið og tekin ákvörðun með framhaldið.
- Verið er að vinna í stofnanasamningum og starfslýsingum á Austfjörðum og hefur félagið ekkert verið með í því utan það að vera í sambandi við sjúkraliðana. Nú er það komið á það stig að ekki er nóg að það sé einungis fulltrúi sjúkraliða þar heldur þyrfti að funda með SLFÍ um málin. Formaður Austurlandsdeildar ætlar að ganga í það að fundað verði með félaginu.
- Erindi baklands BSRB til ráðuneytisins um hvaða stéttir það eru sem þurfa starfs síns vegna að hafa lægri lífaldur við töku lífeyris
  - KÁG fór yfir bréf dagsett 20/12 2017 Fylgiskjal [Sjá bréf](#) um lægri lífaldur til lífeyristöku, sem KÁG vann ásamt bakhópi BSRB. Málið var síðan rætt í vinnuhópi ráðuneytisins og þar kom upp hugmynd um að skila þyrfti tveimur skýrslum frá vinnuhópnum, þar sem ekki næðist eining um tillögurnar sem fram koma frá BSRB. Áfram verður unnið að málinu.
- Stytting vinnuvikunnar.
  - Borist hafa kvartanir til SLFÍ vegna framkvæmda hjá borginni vegna styttingar vinnuvikunnar, en fólki finnst að verið sé að mismuna og ekki séu allir sem fá sama möguleika og aðrir.

#### 4. Staðan við breytingu á sérnámi frá HA

Birna Ólafsdóttir (BÓ) fór yfir stöðuna varðandi fagháskólanámið sem verður kennt frá Háskólanum á Akureyri, en komið er svar um að hefja undirbúning námsins frá ráðherra. BÓ væntir þess að kallað verði til fundar fljótlega svo hægt sé að hefja undirbúning fyrir hugsanlega kennslu haustið 2019. BÓ vonast eftir að það verði því ekki sé gott að langt hlé myndist í náminu. HA hefur hafið undirbúning að náminu en SLFÍ hefur ekki verið kallað til fundar og mun BÓ fara að kalla eftir því.

BÓ sagði einnig frá því að hún hafi setið fundi varðandi annað fagháskólanám en ekki hefur neitt farið af stað né neinn háskóli sýnt áhuga á því nema Bifröst hefur sýnt áhuga á verslunarnáminu.

BÓ fór yfir hver staðan er varðandi Norðurlandamótið í hjúkrun, en stefna SLFÍ var að fjármagna þá tvo sjúkraliða sem unnu Íslandsmeistaramótið í sjúkraliðun á síðasta ári til að taka þátt í þessu móti. SLFÍ fundaði með erlendum aðilum sem hafa séð um málið og buðu fulltrúum stóru skólanna hér í Reykjavík með þar sem málin voru rædd og á þeim fundi tók Ármúlaskóli að sér allan undirbúning varðandi þessa keppni. Nú hefur komið í ljós að fulltrúi Ármúlaskóla sem tók þetta að sér hefur ekkert sinnt þessu og á þessum tímapunkti er ekki vitað hvernig þetta fer, en BÓ kannar málið betur.

Fram kom hjá formanni Norðurlandsdeildar eystri að mikill áhugi væri á verkefninu fyrir norðan og að best væri að fela kennaranum í VMA sem þjálfað hefur sigurvegara síðustu tveggja keppna að þjálfa væntanlega keppendur. Málið verður skoðað nánar.

## 5. EPN ráðstefna í Færeyjum júní 2018

BÓ fór yfir ferðatilhögun varðandi EPN ráðstefnuna í Færeyjum 5. – 8. júní 2018. Samtals eru það átján sem fara í tveimur hópum á ráðstefnuna. Þrír eru í fyrri hópnum sem mun fara 5. júní vegna setu á aðalfundi EPN og fljúga þeir frá Keflavíkurflugvelli til Kaupmannahafnar og þaðan til Færeyja. Fimmtán eru í seinni hópnum sem fer út 6. júní og fljúga beint til Færeyja frá Reykjavíkurflugvelli. Að lokinni skoðunarferð þann 8. júní er heimferð og flýgur hópurinn allur heim í gegnum Kaupmannahöfn og lenda á Keflavíkurvelli upp úr miðnætti 8. júní. KÁG sagði frá því að eitt erindi á ráðstefnunni verði frá Íslandi og mun Þór Garðar Þórarinsson flytja erindið um „velferðartækni“. KÁG upplýsti einnig að ekki væri enn komin dagskrá yfir ráðstefnuna, en komin væri beiðni um að ráðstefnugestir klæðist þjóðbúningum sinna landa.

## 6. Ráðstefna um öldrunarmál

KÁG fór yfir forsöguna varðandi að SLFÍ tæki að sér að vera með ráðstefnu um stöðuna í öldrunarmálum. Nú er búið að leggja mikla vinnu í að setja saman metnaðarfulla dagskrá að öldrunarráðstefnu sem verður haldin á Icelandair Hótel Natura fimmtudaginn 26. apríl kl. 13 – 17 og verður Ögmundur Jónasson ráðstefnustjóri. [Sjá fylgiskjal](#)

## 7. Málefni Vesturlandsdeildar

KÁG fór yfir forsöguna að því þegar deildin sótti um kennitölu til RSK – fyrirtækjaskrá en málið er búið að taka á annað ár. Deildin hafi fengið neitun því að ekki var í lögum starfsdeilda SLFÍ um hvert peningar í þeirra eigu ættu að fara þegar/ef starfsdeild hætti, en nú er búið að laga þetta. Fleiri vandamál hafa komið upp varðandi að fá kennitöluna afgreidda sem hafa verið leyst jafnóðum. Komið hefur í ljós að bæði Suðurlandsdeild og Vestmannaeyjadeild hafa sína kennitölu, en það er mjög gamalt fyrirkomulag. Í framhaldi af þessu opnaði KÁG inn á þá umræðu hvort eðlilegt sé að hafa margar kennitölur innan félagsins í stað þess að notuð væri sama kennitala sem félagið er með. Nokkrar umræður voru um þetta mál og allir voru sammála um að leitað yrði álits lögfræðings SLFÍ vegna málsins. Ákveðið var að geyma málið þar til svör hefðu borist frá lögfræðingnum.

KÁG fór yfir að kvörtun hafði borist til sín vegna aðalfundar Vesturlandsdeildar. Í framhaldinu var fundað með formanni deildarinnar og þeim sjúkraliðum sem kvörtuðu í sitt hvoru lagi. KÁG og Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) funduðu með sjúkraliðunum, þar sem farið var yfir málið. Á seinni fundinum funduðu þær KÁG og JJS með stjórn deildarinnar. Málið snérist um að þó nokkrir sjúkraliðar innan deildarinnar voru ekki sáttir með aðalfund deildarinnar, töldu m.a. að hvorki reikningar né fjárhagsáætlun hefðu verið lagðir fram og því spurning hvort fundurinn hafi verið ólöglegur.

KÁG fór yfir skýrslu sem hún og JJS settu saman eftir þessa fundi, niðurstaðan að þeirra mati er að fundurinn hafi verið löglegur.

Á síðasta ári setti stjórn SLFÍ reglur varðandi það fjármagn sem fer til deildanna og hvernig beri að umgangast það. Fjármagnið á að fara í rekstur en ekki skemmtanir.

[Fylgiskjal](#)

Trúnaðarmannaráðsfundur og félagsstjórnarfundur í október 2018.  
Ákveðið var að hafa félagsstjórnarfund 11. október 2018 í tengslum við næsta trúnaðarmannaráðsfund 12. október 2018. Fundirnir verða auglýstir nánar þegar nær dregur.

#### 8. Næsti félagsstjórnarfundur

KÁG upplýsti að næsti félagsstjórnarfundur yrði 14. maí 2018 og verði sá síðasti sem hún myndi stjórna því hún muni hætta á fulltrúabinginu þann 15. maí 2018.

#### 9. Starfsmannamál

Kynnt var að Lilja Laxdal (LL) starfsmaður á skrifstofu SLFÍ er að hætta störfum vegna aldurs en hún hefur verið í 100% starfi á skrifstofunni. Búið er að ræða við Sigríði Ríkharðsdóttur (SR) starfsmann á skrifstofunni að taka yfir störf LL en SR er í 80% starfi og verður það áfram. Í ljósi þessa er ljóst að ráða þurfi í 100% stöðu á skrifstofuna, en ekki er búið að fullmóta það starf eða í hverju það felst.

#### 10. Persónuvernd

KÁG fór yfir hvað liggur á bak við það að vera skráður í félagið en ábending hefur komið frá persónuvernd. Málið snýst um að þegar einstaklingur skráir sig í félagið þarf honum að vera ljóst að hann sé einnig að gefa leyfi til að félagið geti notað upplýsingar frá honum í rannsóknir eða til upplýsingaöflunar vegna kjarasamninga. Komið hefur í ljós nú þegar verið var að kanna rétt sjúkraliða til kosninga um nýjan formann að um 200 sjúkraliðar eru ekki með kosningarétt. Sjúkraliðar sem hins vegar eru með næluna og hætta að greiða félagsgjöld en greiða fagfélagsgjöld geta kosið til formanns en ekki um kjarasamninga. Beiðni kom fram frá formönnum svæðisdeilda hvort ekki sé hægt að fá uppgefin þau nöfn þessara 200 fyrir hverja deild þannig að formenn gætu þrýst á sitt fólk um að skrá sig í félagið.

#### Önnur mál

- a. Helga Sveins Suðurlandsdeild spyr hvor vitað sé til þess að sjúkraliðar séu að skrifa undir skjal um að þeir samþykki að vinna og gangast við því verklagi sem er viðhaft á vinnustöðum þar sem Eden stefna er viðhöfð. KÁG mælir með að settur sé fyrirvari um að stofnunin sé með lögbundna og vottaða Eden stefnu. Þó nokkur umræða skapaðist um málið og hvernig þetta hefur þróast á mörgum stofnunum á landinu.
- b. Hafdís Dögg spyr um hvað sé að fréttu varðandi málið sem er að gerast á Hlíð vegna 30 mínútna sem teknar voru af þeim og því þurfa þær að mæta oftar í vinnuna. Vilja fá aftur það sem tekið var af. KÁG segir að þær þurfa að skipuleggja sig og koma með rökin varðandi málið og að óska svo eftir fundi með yfirmönnum þar sem þær myndu afhenda undirskriftalista þar sem krafan kemur fram. KÁG sagði að minnsta mál væri að aðstoða þær á Hlíð við að útbúa plaggið.

Fundi slitið: 14:40